



Reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. Um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

1. grein

Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem tilnefndir eru í fagnefndir kaupstaðarins og starfa í umboði bæjarstjórnar. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:

- a. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
- b. samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar
- c. samþykktum um fastanefndir
- d. Stefnum, samþykktum bæjarstjórnar, e. ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir, f. reglum þessum
- g. lögum og reglum sem gilda um einstaka málaflokka

2. grein

Stjórnendur eru allir yfirmenn samkvæmt gildandi skipuriti og stjórnskipulagi kaupstaðarins á hverjum tíma. Stjórnendur starfa samkvæmt:

- a. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
- b. samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar
- c. stefnum s og sérstökum stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar
- d. ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir
- e. gildandi kjarasamningum og samningum um ráðningarkjör
- f. reglum þessum
- g. lögum og reglum sem gilda um málaflokk þeirra eða verkefni.

3. grein

Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að:

- a. ákveða stjórnskipan kaupstaðarins og tilhögun mönnunar hennar.
- b. ákveða stefnu fyrir starfsemi kaupstaðarins og stofnanir og deildir hans, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana.
- c. setja starfsemi kaupstaðarins reglur, m.a. um ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda samanber erindisbréf, kjörinna fulltrúa og forstöðumanna, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur

4. grein

Það er hlutverk kjörinna fulltrúa og nefndarmanna að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.

5. grein

Bæjarstjóri er tengiliðir kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi kaupstaðarins og ber ásamt forstöðumönnum ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokki. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í bæjarstjórn og á nefndafundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum kaupstaðarins.



6. grein

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu mála skv. 32. og 35. grein samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Bæjarstjóri kynnir og er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun bæjarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd samkvæmt samþykkt þessari.

II. Um skyldur og starfshætti stjórnenda

8. grein

Stjórnendum ber að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og taka þá fram yfir hagsmuni stjórnunareiningar sinnar ef svo ber undir. Þeim ber einnig að hafa að leiðarljósi þá skilgreiningu á „Hlutverki stjórnanda hjá Seyðisfjarðarkaupstað“ sem í gildi er á hverjum tíma.

9. grein

Stjórnandi er:

- a. leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa kaupstaðarins samkvæmt stefnu bæjarstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra
- b. ákveður samskiptareglur þeirra stofnana og eða deilda sem heyra beint undir hann. Stjórnandi getur ekki sett starfsreglur sem hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda nema í samráði við þá og sameiginlegan yfirmann
- c. samræmir störf milli stofnana og eða deilda sem undir hann heyra, d. færir útgjöld milli rekstrarliða innan málaflokksins/verkefnisins að frátöldum liðum sem bundnir eru af lögum, reglugerðum og samþykktum
- e. ákveður tilhögun starfsmannahalds, m.a. ráðningar almennra starfsmanna og tilfærslu þeirra milli starfa samkvæmt ráðningarsamningum, kjarasamningum og gildandi reglum bæjarstjórnar. Stjórnandi auglýsir störf og gefur upplýsingar um þau
- f. ber ábyrgð á innkaupum deildar og stofnunar sem undir hann heyrir í samræmi við stefnu og reglur kaupstaðarins í innkaupamálum. Stjórnanda er heimilt, í samráði við bæjarstjóra að gera minni háttar samninga til allt að þriggja ára ef þeir hafa ekki í för með sér aukningu á árlegum útgjöldum málaflokksins eða breytingar á þjónustunni sem veitt er
- g. hefur eftirlit með daglegri starfsemi stofnana og eða deilda sem undir aðra stjórnendur heyrir, sem lægra eru settir í skipuriti, en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að ræða frá vönduðum stjórnarsýsluháttum, samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum eða reglum og samþykktum bæjarstjórnar eða fagnefndar.

10. grein

Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda ofar í skipuriti og lýtur fyrir mælum hans.

11. grein

Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrir mælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi verkefni eða grípur til annarra nauðsynlegra aðgerða.

12. grein

Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga eða samþykktir bæjarstjórnar. Stjórnandi gerir ráðningarsamninga að höfðu samráði við launafulltrúa.



Reglur þessar um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnslu Seyðisfjarðarkaupstaðar sem bæjarstjórn hefur samið og samþykkt taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en við upphaf hvers kjörtímabils.

Samþykkt af bæjarstjórn 14. júní 2017

Eyðublöð:

Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsmannamál og stoðgögn. Slóðin er.

<http://www.samband.is/verkefningin/kjara--og-starfsmannamal/frettabref-og-utgafa-um-kjaramal/>.

